

## Verðtilfærslusjóður SAM 2017

Samkvæmt heimild í 13. grein laga nr. 99/1993 hafa aðildarfélag SAM gert samning sín á milli um verðtilfærslu milli ákveðinna mjólkurafurða. Framkvæmd og fjárreiður verðtilfærslunnar er í höndum SAM.

Í verðtilfærslusjóð SAM eru innheimt gjöld af sýrðum vörum öðrum en jógúrt, rjóma og sérostum. Greitt er úr sjóðnum vegna sölu á nýmjólk, hreinu skyri, smjörva, léttu viðbiti, mögrum ostum (Gouda 17% og Mozzarella), iðnaðarmjólkurdufti, undanrennudufti og kálfafóðri.

Eftirfarandi er rekstraryfirlit verðtilfærslusjóðs SAM árin 2017 og 2016:

	2017	%	2016	%
<b>Inngreiðslur:</b>				
Innheimt verðtilfærsla	277.645.444	100,0	294.010.029	100,0
Samtals til ráðstöfunar	277.645.444	100,0	311.366.339	100,0
<b>Útgreiðslur:</b>				
Greidd verðtilfærsla til afurðastöðva	165.962.640	60,7	86.864.134	27,7
Niðurgreiðsla iðnaðardufts	100.978.340	36,9	181.695.983	57,9
Niðurgreiðsla iðnaðarrjóma	2.251.549	0,8	40.405.953	12,9
Annað	4.164.680	1,5	4.410.016	1,5
Samtals ráðstafað	273.357.209	100,0	313.376.086	100,0
Innheimt umfram útgreiðslur	4.288.235	1,5	-19.366.057	-6,6
Afgangur færður til næsta árs	2.278.488	0,8	-2.009.747	-0,7

Velta verðtilfærslusjóðs SAM lækkaði frá árinu 2016 til ársins 2017. Breytingin var bæði vegna breytinga í sölu á einstökum vörum og vegna breytinga á verðskrá 1. maí 2017. Breyting á verðskrá var ákveðin vegna tapreksturs síðustu ár, en á árunum 2011-2016 tapaði sjóðurinn samtals 40 milljónum króna. Árið 2017 voru tekjur sjóðsins voru 4,3 milljónum króna hærra en útgjöldin. Í lok árs 2017 voru tæpar 2,3 milljónir króna í sjóðnum.